

Breytingar á fyrirkomulagi prufuspila fyrir Ungsveit 2020

Mikilvægt er að fylgja í einu og öllu þeim leiðbeiningum sem settar eru fram hér að neðan varðandi upptökuna sjálfa og hvernig hún er send til okkar.

Hvernig á upptakan að vera:

- Senda þarf inn myndbandsupptöku í góðum hljóðgæðum (myndgæði eru aukaatriði).
- Myndbandsupptökuna á að taka í einni töku eins og um hefðbundið prufuspil sé að ræða, frá fyrsta prufuspilsparti til þess síðasta án þess að gera hlé á upptökunni.
- Þeir sem leika um stöðu konsertmeistara fara eins að nema myndbandsupptökurnar þurfa að vera tvær: Ein fyrir hljómsveitarparta og hin fyrir konsertinn. (Hvor um sig tekin í einni töku).

Hvaða tæki er best að nota til upptöku:

- Við ráðleggjum þátttakendum að nota farsíma eða spjaldtölvu til myndbandsupptökunnar. Vifta í tölvu getur truflað hljóðgæði upptökunnar.
- Prófið að taka upp fyrir ykkur sjálf áður en þið gerið lokaupptöku til að senda okkur. Finnið gott rými til upptöku og góða staðsetningu fyrir upptökutækið þannig að hljóðgæðin skili sér sem best.

Hvernig á að senda upptökuna:

- Upptökuna á að senda með We Transfer. Slóðin er <https://wetransfer.com>
- Þegar We Transfer er opnað er viðmótið þægilegt og leiðir notandann áfram:
 - **Send a file?** (ýtt á flipann)
 - **Add your files** (ýtt á + merkið) og velja upptöku til sendingar
 - **Message** áríðandi að fylla inn í þennan dálk hljóðfæri og fullt nafn
 - Básúna Jóna Jónsdóttir
 - Konsertmeistari þarf að merkja sínar sendingar þannig:
 - Konsertmeistari partar Jón Jónsson
 - Konsertmeistari konsert Jón Jónsson
 - **Send an email** (velja þá skipun, oftast valin fyrir fram)
 - **Add email addresses** julia@sinfonia.is
 - **Ýta á transfer**
- Um leið og skjalinu hefur verið hlaðið niður hjá okkur fær sendandi tilkynningu þar um.

Prufuspilsnefndir fá upptökuna dulkóðaða, einungis hljóð en ekki mynd þannig að prufuspilin eru nafn- og andlitslaus. Hins vegar er okkur nauðsynlegt að kalla eftir myndbandi þannig að við getum sannreynt hver spilar.